



Áætlun um svæðisbundna forgangsröðun aðgerða um farsæld barna á Norðurlandi eystra 2027-2030

September 2026

Farsældarráð Norðurlands eystra



SÓKNARÁÆTLUN
NORÐURLANDS EYSTRÁ

Efnisyfirlit

Inngangur.....	3
Heilsa og vellíðan	4
Lífsgæði og félagsleg staða	5
Menntun	6
Öryggi og vernd	7
Þátttaka og félagsleg tengsl.....	8
Mælikvarðar	9
Heilsa og vellíðan	9
Lífsgæði og félagsleg staða	9
Menntun	9
Öryggi og vernd	9
Þátttaka og félagsleg tengsl	9
Almennir mælikvarðar.....	9
Áhersla í eftirfylgd	10
Framkvæmd, ábyrgð og tímarammi	10
Framkvæmd	10
Ábyrgð	10
Tímarammi	11
Yfirlit yfir allar aðgerðir 2027-2030.....	12

Inngangur

Áætlun þessi er unnin á grundvelli laga nr. 86/2021 um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna og þeirrar stefnumótunar sem hefur verið mótuð á landsvísu um farsæld barna. Markmið laganna er að tryggja að börn og foreldrar sem á þurfa að halda hafi aðgang að samþættri þjónustu við hæfi, á réttum tíma og án hindrana.

Farsældarráð Norðurlands eystra varð til í tengslum við innleiðingu farsældarlaganna og þá áherslu að efla svæðisbundið samstarf um málefni barna og fjölskyldna. Ráðið er formlegur vettvangur sveitarfélaga, þjónustuveitenda ríkis, almennra þjónustuveitenda og annarra hagaðila til að greina stöðu mála, forgangsraða verkefnum og móta aðgerðir sem styðja við farsæld barna í landshlutanum.

Norðurland eystra er víðfeðmur og fjölbreyttur landshluti sem nær frá Fjallabyggð í vestri að Bakkafirði í austri. Svæðið spannar þéttbýli og dreifbýli, stærri þjónustukjarna og smærri samfélög, þar sem aðstæður barna og fjölskyldna geta verið ólíkar hvað varðar búsetu, samgöngur, aðgengi að þjónustu og samfélagslegt bakland. Því er mikilvægt að farsældarvinna í landshlutanum taki mið af staðbundnum aðstæðum, jöfnu aðgengi að þjónustu og samhæfingu milli sveitarfélaga og þjónustuveitenda.

Farsældarráð Norðurlands eystra er skipað fulltrúum sveitarfélaga, þjónustuveitenda ríkisins, almennra þjónustuveitenda og annarra samstarfsaðila á svæðinu. Fulltrúarnir koma með ólíka þekkingu og reynslu að sameiginlegri vinnu í þágu barna. Auk þess sitja í ráðinu fulltrúar foreldra- og ungmennaráða.

Við gerð þessarar áætlunar er tekið mið af stefnu og framkvæmdaáætlun ríkisins um farsæld barna til ársins 2030 og niðurstöðum farsældarþings, sbr. 5. gr. laga nr. 86/2021. Áætlunin byggir á sex stöðum ríkisins – jafnræði, barnvænni nálgun og þátttöku, viðeigandi stuðningi, fræðslu, forvörnum og réttindum, framúrskarandi fagfólki og áreiðanlegum gögnum – og heimfærir þær á aðstæður, áskoranir og tækifæri á Norðurlandi eystra.

Áætlun Farsældarráðs Norðurlands eystra er sett upp út frá grunnstöðum farsældar, þar sem Íslenska æskulýðsrannsóknin byggir á sambærilegri framsetningu. Með því verður auðveldara að tengja áherslur og aðgerðir við fyrirliggjandi gögn, fylgjast með mælanlegum árangri og styðja við markvissa framkvæmd áætlunarinnar.

Áætlunin inniheldur afmarkaðar aðgerðir innan hverrar grunnstoðar sem miða að því að efla farsæld barna á Norðurlandi eystra og skapa sameiginlegan ramma fyrir framkvæmd, samráð og eftirfylgd á tímabilinu 2027–2030.

Heilsa og vellíðan

Heilsa og vellíðan barna er lykilforsenda farsældar. Gögn benda til að álag og geðrænn vandi aukist með aldri, á sama tíma og aðgengi að hreyfingu og stuðningi er ójafnt. Því er mikilvægt að efla snemmtækan stuðning, jafna aðgengi og styrkja samhæfingu þjónustu.

1. Aukið aðgengi að sérfræðingum í farsæld barna

Markmið: Að tryggja að öll sveitarfélög á Norðurlandi eystra hafi aðgang að sérfræðingi með þekkingu á farsæld barna í að minnsta kosti 50% starfshlutfalli.

Stutt lýsing: Mikilvægt er að jafna aðgengi sveitarfélaga að sérfræðilegri þekkingu til að styrkja snemmtækan stuðning og samhæfingu þjónustu við börn og fjölskyldur.

Framkvæmda- og ábyrgðaraðili: Sveitarfélög

Dæmi um samstarfsaðila: Mennta- og barnamálaráðuneytið og Barna- og fjölskyldustofa

Tímabil: 2027-2029

2. Aukið aðgengi að sálfélagslegri þjónustu barna

Markmið: Að börnum með vægan til miðlungsalvarlegan tilfinningavanda og/eða taugabroskavanda og fjölskyldum þeirra sé tryggt aukið aðgengi að sálfélagslegri þjónustu hjá Heilbrigðisstofnun Norðurlands.

Stutt lýsing: Snemmtæk íhlutun, jafnt og tímanlegt aðgengi að sálfélagslegri þjónustu gegnir lykilhlutverki í því að bregðast við og fyrirbyggja frekari þróun vanda hjá börnum.

Framkvæmda- og ábyrgðaraðili: Heilbrigðisstofnun Norðurlands

Dæmi um samstarfsaðila: Heilbrigðisráðuneytið, Sjúkrahúsið á Akureyri og sveitarfélög

Tímabil: 2027-2029

3. Aukið aðgengi barna að hreyfingu og skipulögðu íþróttastarfi

Markmið: Að jafna aðgengi barna að hreyfingu og skipulögðu íþróttastarfi, óháð búsetu, efnahag, uppruna og stuðningsþarfa.

Stutt lýsing: Mikilvægt er að kortleggja aðgengi barna að hreyfingu og skipulögðu íþróttastarfi og greina hindranir til að móta markvissar lausnir sem tryggja jöfn tækifæri til þátttöku.

Framkvæmda- og ábyrgðaraðili: Sveitarfélög, íþróttahéruð og Svæðisstöð íþróttahéraða UMFÍ og ÍSÍ á Norðurlandi eystra

Dæmi um samstarfsaðila: Mennta- og barnamálaráðuneytið og íþróttafélög

Tímabil: 2027-2028

Lífsgæði og félagsleg staða

Lífsgæði og aðstæður barna hafa afgerandi áhrif á velferð þeirra og tækifæri til þátttöku. Þrátt fyrir að flest börn búi við góðar aðstæður sýna gögn að hluti barna stendur frammi fyrir áskorunum varðandi grunnþarfir, fjölskylduaðstæður og jafnt aðgengi í daglegu lífi. Því er mikilvægt að styðja fjölskyldur, jafna aðstæður og tryggja að öll börn búi við öryggi og raunhæf tækifæri.

4. Kortlagning grunnþarfa barna og efnahagslegs öryggis

Markmið: Að tryggja réttindi barna samkvæmt barnalögum og barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna um að börn búi ekki við skort á grunnþörfum, svo sem fæði og öðrum nauðsynlegum útgjöldum.

Stutt lýsing: Mikilvægt er að nýta niðurstöður kannana eins og íslensku æskulýðsrannsóknarinnar til frekari greiningar á stöðu barna sem búa við skort á grunnþörfum og tryggja markviss úrræði til að mæta þörfum þeirra og jafna aðstæður.

Framkvæmda- og ábyrgðaraðili: Sveitarfélög

Dæmi um samstarfsaðila: Mennta- og barnamálaráðuneytið og Félags- og húsnæðismálaráðuneytið

Tímabil: 2027-2028

5. Efling tengsla foreldra og barna

Markmið: Að efla og styrkja tengsl foreldra og barna með markvissum stuðningi, fræðslu og snemmtækum úrræðum. Nauðsynlegt er að kortleggja þá fræðslu og námskeið sem eru í boði á öllum æviskeiðum barna.

Stutt lýsing: Góð tengsl foreldra og barna eru lykilforsenda velferðar barna og því mikilvægt að styðja fjölskyldur með markvissum úrræðum sem efla tengsl, seiglu og samveru. Í þessu samhengi er m.a. horft til Brúarinnar fjölskylduseturs sem sinnir Norðurlandi eystra.

Framkvæmda- og ábyrgðaraðili: Sveitarfélög

Dæmi um samstarfsaðila: Mennta- og barnamálaráðuneytið, Heilbrigðisstofnun Norðurlands, Sjúkrahúsið á Akureyri og Lögreglan á Norðurlandi eystra

Tímabil: 2027-2028

6. Aukið foreldrasamstarf í skóla- og frístundastarfi og skipulögðu íþróttastarfi

Markmið: Að efla og styrkja foreldrasamstarf í skóla- og frístundastarfi og skipulögðu íþróttastarfi með það að markmiði að bæta upplýsingaflæði, samræma viðbrögð og styðja við farsæld barna.

Stutt lýsing: Virkt foreldrasamstarf er lykilforsenda þess að tryggja samfellu í stuðningi við börn og mikilvægt er að styrkja samstarf heimilis, skóla og íþróttastarfs. Í þessu samhengi skal horfa til farsældarsáttmála Heimilis og skóla. Auka þarf fræðslu til foreldra til dæmis um hreyfingu og hlutverk þeirra í skipulögðu íþróttastarfi.

Framkvæmda- og ábyrgðaraðili: Sveitarfélög, íþróttahéruð og Svæðisstöð íþróttahéraða UMFÍ og ÍSÍ

Dæmi um samstarfsaðila: Mennta- og barnamálaráðuneytið, Heimili og skóli - Landssamtök foreldra

Tímabil: 2027-2028

Menntun

Menntun gegnir lykilhlutverki í farsæld barna og hefur bein áhrif á líðan, þátttöku og framtíðartækifæri þeirra. Gögn benda til þess að upplifun barna af því að tilheyra, aðgengi að stuðningi og líðan í skóla sé mismunandi og að þörf sé á markvissari viðbrögðum við áskorunum í skólaumhverfi. Því er mikilvægt að efla stuðning, inngildingu og samræmd viðbrögð til að tryggja að öll börn upplifi öryggi og þátttöku í námi.

7. Aukið hlutverk tengiliða og aukið aðgengi barna að stuðningi í skólum

Markmið: Að tryggja að öll börn hafi aðgang að fullorðnum einstaklingi í skóla sem þau treysta og geta leitað til, auk þess að efla hlutverk og sýnileika tengiliða.

Stutt lýsing: Traust tengsl við fullorðinn einstakling í skóla eru mikilvægur verndandi þáttur fyrir velferð barna og því nauðsynlegt að tryggja að þessi stuðningur sé aðgengilegur og sýnilegur fyrir öll börn.

Framkvæmda- og ábyrgðaraðili: Sveitarfélög

Dæmi um samstarfsaðila: Mennta- og barnamálaráðuneytið og Barna- og fjölskyldustofa

Tímabil: 2027-2028

8. Aukið aðgengi að sálfélagslegri þjónustu í framhaldsskólum

Markmið: Að tryggja að framhaldsskólar á Norðurlandi eystra hafi greiðan aðgang að sálfélagslegri þjónustu til að styðja við snemmtæka íhlutun, velferð og námsframvindu nemenda.

Stutt lýsing: Framhaldsskólar búi yfir fjölbreyttum fyrsta stigs stuðningsúrræðum en gloppur eru í aðgengi að sérfræðiþjónustu þegar vandinn vex. Sérstaklega þarf að huga að aðgengi 16-18 ára nemenda að sálfélagslegri þjónustu og tryggja að framhaldsskólar hafi greiðar leiðir að viðeigandi fagfólki svo sem sálfræðingum, félagsráðgjöfum og öðrum sérfræðingum. Mikilvægt er að þjónustan sé aðgengileg nemendum og að samstarf skóla, sveitarfélaga og heilbrigðisþjónustu sé skýrt.

Framkvæmda- og ábyrgðaraðili: Framhaldsskólar á Norðurlandi eystra og sveitarfélög

Dæmi um samstarfsaðila: Mennta- og barnamálaráðuneytið, Barna- og fjölskyldustofa og Heilbrigðisstofnun Norðurlands

Tímabil: 2027-2029

9. Aukinn stuðningur við skólasókn

Markmið: Að tryggja samræmd og snemmtæk viðbrögð sveitarfélaga við skertri skólasókn og öðrum vanda sem hefur áhrif á skólasókn barna.

Stutt lýsing: Að til verði skýrt verklag hjá skólum er varðar stuðning við skólasókn. Skert skólasókn er flókið viðfangsefni sem getur haft viðtæk áhrif á líðan, félagslega þátttöku og nám barna og því mikilvægt að bregðast snemma og samræmt við fyrstu merkjum um vanda. Í þessu samhengi er m.a. horft til væntanlegrar útgáfu Mennta- og barnamálaráðuneytis á landsviðmiðum um skólasókn grunnskólanemenda.

Framkvæmda- og ábyrgðaraðili: Sveitarfélög

Dæmi um samstarfsaðila: Mennta- og barnamálaráðuneytið og Heilbrigðisstofnun Norðurlands

Tímabil: 2027-2029

Öryggi og vernd

Öryggi og vernd barna eru lykilforsendur farsældar og grunnur að því að börn geti þroskast og tekið þátt í samfélaginu á eigin forsendum. Gögn benda til að börn verði áfram fyrir áhrifum ofbeldis, áhættuhegðunar og skaðlegra áhrifa í stafrænu umhverfi, sem kallar á markvissari forvarnir og samhæfð viðbrögð. Því er mikilvægt að efla öryggi barna og styrkja vernd þeirra með forvörnum, skýrum verkferlum og auknu samstarfi milli kerfa.

10. Aukinn sýnileiki samfélagslöggæslu

Markmið: Að auka sýnileika og aðgengi að samfélagslöggæslu á Norðurlandi eystra með það að markmiði að efla öryggi og tengsl við börn og fjölskyldur.

Stutt lýsing: Sýnileiki samfélagslöggæslu er mikilvægur þáttur í forvörnum og öryggi barna og stuðlar að auknu trausti og tengslum milli barna, fjölskyldna og lögreglu.

Framkvæmda- og ábyrgðaraðili: Lögreglan á Norðurlandi eystra

Dæmi um samstarfsaðila: Dómsmálaráðuneytið, Ríkislögreglustjóri og sveitarfélög

Tímabil: 2027-2029

11. Auknar forvarnir gegn ofbeldi og áhættuhegðun barna

Markmið: Að draga úr ofbeldi, áhættuhegðun og skaðlegum áhrifum stafræns umhverfis meðal barna með markvissum og samræmdum forvörnum í skóla- og frístundastarfi. Að hefja samtal við ríkið um að verða leiðandi í framsetningu aðgerða sem leitt geta til þessa.

Stutt lýsing: Ofbeldi, áhættuhegðun og skaðleg áhrif stafræns umhverfis hafa alvarleg áhrif á líðan og þroska barna og því er mikilvægt að efla samræmdar forvarnir og samfellda fræðslu til barna og foreldra í skóla- og frístundastarfi.

Framkvæmda- og ábyrgðaraðili: Lögreglan á Norðurlandi eystra, sveitarfélög, Heilbrigðisstofnun Norðurlands og Sjúkrahúsið á Akureyri

Dæmi um samstarfsaðila: Dómsmálaráðuneytið, Mennta- og barnamálaráðuneytið, Barna- og fjölskyldustofa og Ríkislögreglustjóri

Tímabil: 2027-2029

12. Efling eineltisteyma í skólum

Markmið: Að skólar, í gegnum innra mat, efli eineltisteymi sín með auknu aðgengi að sálfélagslegum sérfræðingum og skýrari eftirfylgd með það að markmiði að bæta viðbrögð við einelti og stuðning við börn.

Stutt lýsing: Að sett sé aðgerðaáðætlun í hverjum skóla og í skólum sé teymi sem vinnur að lausnarleit í öllum málum og sinni fyrirbyggjandi verkefnum.

Framkvæmda- og ábyrgðaraðili: Sveitarfélög

Dæmi um samstarfsaðila: Mennta- og barnamálaráðuneytið og Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri

Tímabil: 2027-2028

Pátttaka og félagsleg tengsl

Pátttaka og félagsleg tengsl eru mikilvægur hluti af farsæld barna og hafa bein áhrif á líðan þeirra, sjálfsmynd og tilfinningu fyrir að tilheyra. Gögn benda til að hluti barna upplifi einmanaleika eða skort á tengslum og eigi erfitt með að taka virkan þátt í samfélaginu, bæði í raunheimum og stafrænu umhverfi. Því er mikilvægt að efla félagsleg tengsl, stuðla að virkri þátttöku og tryggja að öll börn hafi raunveruleg tækifæri til að hafa áhrif á sitt nærumhverfi.

13. Aukinn opnunartími félags- og frístundamiðstöðva

Markmið: Að auka opnunartíma félags- og frístundamiðstöðva með það að markmiði að draga úr félagslegri einangrun, einmanaleika og jaðarsetningu barna.

Stutt lýsing: Félags- og frístundamiðstöðvar gegna mikilvægu hlutverki í að efla félagsleg tengsl og þátttöku barna og því er mikilvægt að tryggja aðgengi að slíku starfi, þar á meðal utan hefðbundins opnunartíma.

Framkvæmda- og ábyrgðaraðili: Sveitarfélög

Dæmi um samstarfsaðila: Mennta- og barnamálaráðuneytið, Ungmennaráð sveitarfélaga, íþróttafélög og frjáls félagasamtök

Tímabil: 2027-2029

14. Aukið hlutverk ungmennaráða

Markmið: Að styrkja hlutverk ungmennaráða í stjórnsýslu sveitarfélaga með það að markmiði að auka þátttöku barna og áhrif þeirra á ákvarðanir sem varða nærumhverfi þeirra.

Stutt lýsing: Virk þátttaka barna í ákvarðanatöku er mikilvægur þáttur í farsæld þeirra og því er nauðsynlegt að efla hlutverk ungmennaráða og tryggja að rödd barna heyrist í stefnumótun og ákvarðanatöku sveitarfélaga.

Framkvæmda- og ábyrgðaraðili: Sveitarfélög

Dæmi um samstarfsaðila: Mennta- og barnamálaráðuneytið, Ungmennaráð sveitarfélaga, Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra og Samband íslenskra sveitarfélaga

Tímabil: 2027-2028

Mælikvarðar

Notast er við einfaldan og skýran mælikvarðaramma sem styður við reglulega eftirfylgd. Hér er horft til fyrirliggjandi gagna frá Íslensku æskulýðsrannsókninni, sveitarfélögum og öðrum þjónustuveitendum og mælitækjum þar sem við á. Farsældarráð getur breytt áherslum eins oft og þurfa þykir hvað varðar þá mælikvarða sem horft er til hverju sinni. Í þessari áætlun verður horft til neðangreindra mælikvarða til viðmiðunar.

Heilsa og vellíðan

- Hlutfall barna sem finnur fyrir höfuðverk og magaverk
- Hlutfall barna sem upplifa kvíða og/eða depurð
- Hlutfall barna sem stunda reglulega hreyfingu

Lífsgæði og félagsleg staða

- Hlutfall barna sem upplifa fjárhagslegt öryggi fjölskyldu
- Hlutfall barna sem eiga auðvelt með að ræða við foreldra um áhyggjur
- Hlutfall barna með aðgang að viðeigandi námsaðstöðu

Menntun

- Hlutfall barna sem líður vel í skólanum / finnst gaman í skólanum
- Hlutfall barna sem upplifa að þau tilheyri í skóla
- Hlutfall barna sem getur leitað til einhvers fullorðins í skóla

Öryggi og vernd

- Tíðni eineltis og ofbeldis
- Hlutfall barna sem hafa orðið fyrir eða verið vitni að kynferðis- eða heimilisofbeldi
- Hlutfall barna sem hafa orðið fyrir stafrænu kynferðisofbeldi

Þátttaka og félagsleg tengsl

- Hlutfall barna sem eiga erfitt með að minnka tíma á samfélagsmiðlum
- Hlutfall barna sem taka þátt í íþrótt- og/eða frístundastarfi
- Hlutfall barna sem þekkir Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna

Almennir mælikvarðar

Til að fylgjast með framgangi áætlunar er stuðst við takmarkaðan fjölda lykilmælikvarða sem byggja á fyrirliggjandi gögnum úr Íslensku æskulýðsrannsókninni. Áhersla er lögð á að nýta þau mælitæki sem þegar eru til staðar í stað þess að þróa ný gagnasöfnunarkerfi.

Áhersla í eftirfylgd

Við mat á árangri áætlunar um svæðisbundna forgangsörðun aðgerða um farsæld barna á Norðurlandi eystra 2027-2030, verður horft til þróunar yfir tíma frekar en einstakra mælinga. Auk þess kemur til greina að nýta eigindlegar upplýsingar til að kanna áhrif aðgerða til dæmis út frá reynslu barna, foreldra og fagfólks.

Framkvæmd, ábyrgð og tímarammi

Framkvæmd

Framkvæmd áætlunar byggir á samstilltu átaki sveitarfélaga, þjónustuveitenda ríkis, almennra þjónustuveitenda og annarra samstarfsaðila við innleiðingu þeirra aðgerða sem skilgreindar eru í áætluninni. Farsældarráð Norðurlands eystra gegnir lykilhlutverki í að samræma aðgerðir, styðja við samstarf og fylgja eftir framvindu þeirra.

Áhersla er lögð á að:

- Farsældarráð fylgi eftir framvindu aðgerða með reglulegum fundum
- Sveitarfélög og aðrir þjónustuveitendur miðli upplýsingum um stöðu aðgerða
- Aðgerðir séu innleiddar innan núverandi þjónustukerfa þar sem því verður við komið
- Samstarf milli sveitarfélaga og annarra þjónustuveitenda sé eflt með markvissum hætti
- Sveitarfélög útfæri aðgerðir í samræmi við staðbundnar þarfir og aðstæður
- Aðgerðir áætlunar séu forgangsraðaðar í framkvæmd í samræmi við þarfir og aðstæður hverju sinni
- Árangur sé metinn að minnsta kosti einu sinni á ári og aðgerðir aðlagðar eftir þörfum

Við framkvæmd áætlunar verði einnig lögð áhersla á virkt samráð við foreldra og börn, meðal annars í gegnum foreldra- og ungmenningaráð.

Ábyrgð

Ábyrgð á framkvæmd áætlunar er dreifð en skýr:

Farsældarráð Norðurlands eystra

- Ber ábyrgð á heildarsamræmingu áætlunar
- Fylgir eftir framvindu aðgerða og forgangsörðun
- Stuðlar að virku samstarfi sveitarfélaga og annarra þjónustuveitenda
- Kallar eftir upplýsingum og gögnum um stöðu aðgerða
- Skilar skýrslum um framvindu áætlunar um svæðisbundna forgangsörðun aðgerða á tveggja ára fresti til Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála

Sveitarfélög á Norðurlandi eystra

- Bera ábyrgð á innleiðingu og eftirfylgd aðgerða á sínu svæði
- Aðlaga aðgerðir að staðbundnum þörfum
- Tryggja samhæfingu og samstarf milli ólíkra þjónustuveitenda á sínu svæði

Þjónustuveitendur ríkis og almennir þjónustuveitendur

- Bera ábyrgð á innleiðingu og eftirfylgd aðgerða á sinni starfsstöð
- Stuðla að samhæfingu þjónustu þvert á kerfi
- Leggja fram gögn og upplýsingar til eftirfylgdar aðgerða

Foreldra- og ungmennaráð og notendur þjónustu

- Taka þátt í samráði og mótun aðgerða
- Veita endurgjöf um framkvæmd og áhrif aðgerða
- Stuðla að því að sjónarmið foreldra og barna heyrist

Tímarammi

Áhersla er lögð á að framkvæmd sé sveigjanleg og taki mið af nýjum upplýsingum og breyttum aðstæðum hverju sinni. Áætlunin gildir fyrir tímabilið 2027-2030 og er framkvæmd hennar skipulögð í áföngum:

- **2026-2027:** Upphaf innleiðingar, forgangsörðun aðgerða samþykkt og mótun verklags
- **2028-2029:** Virk framkvæmd aðgerða og þróun samstarfs milli sveitarfélaga og annarra þjónustuveitenda
- **2029-2030:** Mat á árangri, aðlögun aðgerða og undirbúningur nýrrar áætlunar um svæðisbundna forgangsörðun aðgerða um farsæld barna á Norðurlandi eystra 2031-2034

Yfirlit yfir allar aðgerðir 2027-2030

Nr.	Aðgerð	Tímabil	Grunnstoð farsældar	Ábyrgðaraðili
1	Aukið aðgengi að sérfræðingum í farsæld barna	2027-2029	Heilsa og vellíðan	Sveitarfélög
2	Aukið aðgengi að sálfélagslegri þjónustu barna	2027-2029	Heilsa og vellíðan	Heilbrigðisstofnun Norðurlands
3	Aukið aðgengi barna að hreyfingu og skipulögðu íþróttastarfi	2027-2028	Heilsa og vellíðan	Sveitarfélög, íþróttahéruð og Svæðisstöð íþróttahéraða UMFÍ og ÍSÍ á Norðurlandi eystra
4	Kortlagning grunnþarfa barna og efnahagslegs öryggis	2027-2028	Lífsgæði og félagsleg staða	Sveitarfélög
5	Efling tengsla foreldra og barna	2027-2028	Lífsgæði og félagsleg staða	Sveitarfélög
6	Aukið foreldrasamstarf í skóla- og frístundastarfi og skipulögðu íþróttastarfi	2027-2028	Lífsgæði og félagsleg staða	Sveitarfélög, íþróttahéruð og Svæðisstöð íþróttahéraða UMFÍ og ÍSÍ
7	Aukið hlutverk tengiliða og aukið aðgengi barna að stuðningi í skólum	2027-2028	Menntun	Sveitarfélög
8	Aukið aðgengi að sálfélagslegri þjónustu í framhaldsskólum	2027-2029	Menntun	Framhaldsskólar á Norðurlandi eystra og sveitarfélög
9	Aukinn stuðningur við skólasókn	2027-2029	Menntun	Sveitarfélög
10	Aukinn sýnileiki samfélagslöggæslu	2027-2029	Öryggi og vernd	Lögreglan á Norðurlandi eystra
11	Auknar forvarnir gegn ofbeldi og áhættuhegðun barna	2027-2029	Öryggi og vernd	Lögreglan á Norðurlandi eystra, sveitarfélög, Heilbrigðisstofnun Norðurlands og Sjúkrahúsið á Akureyri
12	Efling eineltisteyma í skólum	2027-2028	Öryggi og vernd	Sveitarfélög
13	Aukinn opnunartími félags- og frístundamiðstöðva	2027-2029	Þátttaka og félagsleg tengsl	Sveitarfélög
14	Aukið hlutverk ungmennaráða	2027-2028	Þátttaka og félagsleg tengsl	Sveitarfélög